

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS

ÁLFTAMÝRI 9 - 108 REYKJAVÍK

SÍMI: 685620

MYNDSENDIR (TELEFAX) 687057

Reykjavík, 29. apríl 1996

**Umsögn um frv. til laga um réttindi
og skyldur opinberra starfsmanna
(mál nr. 372)**

Alþingi

Erindi nr. D 120/1837

komudagur 215 1996


Stjórn Lögmannafélags Íslands hefur falið laganefnd félagsins að fara yfir og semja umsögn um framangreint frumvarp.

Laganefnd L.M.F.Í. hefur kynnt sér frumvarpið og fylgigögn þess. Ljóst er að víða í nágrannalöndum okkar hefur löggjöf um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna verið endurskoðuð og hefur þróunin einkum verið í þá átt að samræma réttarstöðu opinberra starfsmanna réttarstöðu launþega á almennum vinnumarkaði.

Laganefndin leyfir sér að vekja athygli á því, að fyrirkomulag 23. gr. frumvarpsins, um tímabundna skipun í embætti, gæti leitt til vanda í stjórnsýslunni, sérstaklega að því er varðar æðstu embætti, ef framkvæmdin yrði sú, að skipun lyki án málefnalegra ástæðna. Þá má ætla að fyrirkomulag þetta geti fælt sjálfstætt starfandi sérfræðinga frá því að sækjast eftir embættum ef ætla má að skipunartími sé takmarkaður.

Laganefnd L.M.F.Í. telur að öðru leyti ekki á færi sínu að láta í ljósi álit á því hvort æskilegt sé að breyta réttarstöðu opinberra starfsmanna, svo sem mælt er fyrir í frumvarpinu. Með vísan til þess verða ekki gerðar efnislegar athugasemdir við breytingar þær, sem felast í frumvarpinu.

Fyrir hönd laganefndar L.M.F.Í.



Andri Arnason, hrl., formaður